


Vonarljós





Eiríkur Magnússon starfaði sem lyfjafræðingur en ákvað að hætta því og fór að vinna fyrir Omega

Yfirgaf öryggið fyrir sálarfriðinn

Eiríkur Magnússon yfirgaf vel launað starf sem lyfjafræðingur við öflugt lyfjafyrirtæki árið 2000 og gekk til liðs við Omega. Margir undruðust þessa ákvörðun Eiríks og töldu hann fórnar óryggi en velja óryggi. Hann er ekki samnála því. Hann hafi öðlast bæði öryggi og sálarfrið í sínu nýja starfi.

„Það er þannig að þegar Drottinn kallar, þá þýðir ekki annað en að hlýða og gera það sem um er beðið,“ segir Eiríkur í viðtali um átaka- og umbrotatíma í lífi hans, þegar hann kaus að þjóna kristlegu starfi.

Bóklestur frekar en búé

Eiríkur er uppallinn í sveit fyrstu áværi sín, að Sumarliðabæ í Holtum, en ungur fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni til Selfoss þar sem hann átti góð unglingsár og varð stúdent frá Menntaskólanum á Laugarvatni. Eiríkur segir að í sjálfu sér hafi hann ekki saknað sveitarinnar. Hann hafi verið afar ólíkur föður sínum, ekki beinlínis búmannstýpan, en búskapurinn og skepnurnar hafi átt hug og hjarta föður hans. Eiríkur var meira gefinn fyrir bóklestur. Hann segist hafa verið bókaormur, las allt sem hann kom höndum yfir og naut góðs af störu og góðu bókasafni föður síns.

„Því fer víðs fjarri að ég hafi verið mjög kristinn í æsku og framan af ævi. Ég var í efasemdæildinni og þóttist vera vísindamaður eða annað slíkt. Menn í þeim hópi eru efasemdarmenn og vilja sönnun fyrir hverjum hlut. Margir ráku því upp stór augu þegar þeir fréttu að Eiríkur Magnússon hefði frelsast.“

–*Peir hafa haldið að þú hafir bilast, eða hvað?*

„Kannski héldu einhverjir að nokkrar skráur í kollinum á mér hafi losnað, en söguðu að þetta hefði verið það síðasta sem þeim hefði dottið í hug,“ segir Eiríkur og hlær við.

–*Var ekki erfitt að yfirgefa öryggið og alla peningana, eru ekki allir að keppast um að verða sem ríkastír?*

„Það fylgir því ákveðin óvissa að breyta til og takast á við ný verkefni. Ég var ókvæntur þannig að ég gat auðveldlega tekið ákvörðun um að hverfa frá minni starfsgrein. Eflaust hefur fjölskyldan orðið hissa, en það var samt ekki mikið rætt.“

Hulan var skyndilega á bak og burt

–*Hvernig komu þessi miklu sinnaskipti til?*

„Þetta gerðist 1995. Það ár var ég svolit-

ið lasinn, þurfti að vera heima í rúma tvo mánuði, var með nokkurs konar ofnæmi. Meðan á þessu stóð átti ég erfitt með að sofa á nóttunni. Ég hafði ekki margt fyrir stafni og fór að horfa meira á sjónvarp. Á þessum árum var ekki mikið af sjónvarps-efni í boði á nóttunni nema Omega eftir miðnætti. Það leiddi til þess að ég fór að kljaka á Omega á nóttunni og smám saman fór ég að fylgjast með. Manni fannst þetta kannski svolitíð fjarlæg og sumt afar sérkennilegt í fyrstu. En ég fann samt að þetta fólk var einlægt í því sem það var að segja. Einn daginn kom síðan að vendipunkti hjá mér,“ segir Eiríkur.

„Það gerðist að einhvern veginn féll þessi hula eða þessi þoka sem hylur manni sýn gagnvart trúnni. Skyndilega var hún á bak og burt. Drottinn hafði tekið hana burtu. Allt gerðist þetta á augnabliki, ég upplifði það að Guð er raunverulegur. Hann talaði,“ segir Eiríkur.

„Hafi einhver maður orðið hissa á þessum augnablikum þá var það ég,“ segir Eiríkur um þessa upplifun sína. „Ég sagði bara við Drottinn að ég hefði ekki gert mér neina grein fyrir því að málið væri svona. Ég sagði honum að ég væri tilbúinn að

Þessi veröld sem við erum svo upptekin af var allt í einu orðin grá og lítið spennandi. Ég fann að mér leið öðruvísi, ég hafði eignast eitthvað nýtt sem var öllu öðru mikilvægara.

fylgja honum og hans vilja þar sem hann væri raunverulegur.“

Eftir það var hann ákveðinn í að helga líf sitt Guði. Hann segist hafa séð hlutina í nýju ljósi daginn eftir þegar hann vaknaði, hann hafi verið nánast eins og nýfætt barn.

„Þessi veröld sem við erum svo upptekin af var allt í einu orðin grá og lítið spennandi. Ég fann að mér leið öðruvísi, ég hafði eignast eitthvað nýtt sem var öllu öðru mikilvægara,“ segir Eiríkur.

Nokkrir mánuðir liðu áður en Eiríkur lagði í að heimsækja söfnuði. Hann segir að það hafi þó komið að því, að hann herti upp hugann og fór að sækja biblíulestra hjá söfnuði sem starfaði í Reykjavík á þessum tíma, Orði lífsins. Það hentaði betur í byrjuninni. Svo fór kjarkurinn að aukast og smám saman kynntist hann safnaðarlífinu og sótti samkomur af kappi.

„Maður fór að átta sig meira á út á hvað kristið líf gekk. Ég uppræddist smá saman í orði Guðs og öðlaðist skilning á

út á hvað það gekk að ganga með Guði.“

„Sjálfsagt hefur maður ekki verið mjög hugrakkur í byrjun en með tímanum jafnaði það sig,“ segir Eiríkur þegar hann er spurður hvort hann hafi verið feiminn við að gefa upp trú sína.

Inn í nýja öld í nýju starfi

Það gerðist um það leyti sem flestir töldu að ný öld væri að renna upp, um áramótin 1999 til 2000 að Eiríkur tók þá ákvörðun að leggja til hliðar starf sitt sem lyfjafræðingur hjá Lyfjaverslun Íslands.

„Á þessum tíma fann ég mjög greinilega að Drottinn var að kalla mig í það að snúa mér að því að hjálpa til á Omega. Það var ljóst að hann atlaði mér þetta verk. Það var töluvert stór ákvörðun að kveðja starfið, en það endaði með að ég herti upp hugann í þessu máli og hóf að vinna sem fastur starfsmaður á Omega um mitt ár 2000,“ segir Eiríkur.

„Ég reikna með að margt fólk hafi undrast þessa ákvörðun mína,“ segir Eiríkur, en hann hafði hjálpað til á Omega við símsvörn, að taka niður bænarefni og ýmislegt smálegt. Það leiddi eitt af öðru og verkefni fóru vaxandi.

Fólk í sálarneyð

„Það er mikil neyð víða í þessu landi. Mikil sálarneyð og líka erfirðir líkamlegrir sjúkdómur og ýmis andleg vandamál sem fólk er að berjast við. Fólk hringir til Omega og biður um fyrirbærni þannig að við kynnumst þessari hlíð mála töluvert.“

„Það gerist að fólk hefur samband við okkur sem er gjörsamlega ráðþrota, fólk sem er komið á ystu nóf í lífinu. Við reynum að sjálfsögðu að upþörva það fólk. Við segjum því að það sé til Drottinn, frelsari. Til hans sé hægt að snúa sér, hann hafi allt sem til þurfi í þetta líf. Margir hugsa sem svo að þeir hafi reynt allt annað, því þá ekki að reyna þetta. Í mörgum tilfellum hefur fólk eignast nýja von,“ segir Eiríkur Magnússon.

–*Kannski er Drottinn að lækna fleiri en læknar og lyfjafræðingar samanlagt?*

„Drottinn er sá lækur sem tekur við þegar lækarnir gefast upp og lyf mega

sín lítils. Við leitum til lækna til að fá lausn frá kvillum okkar og allt gott um það að segja, en þegar ekki gengur lengur að leita til manna sem hafa gefist upp á lækningu sjúkdómsins, þá koma menn oft og leita til Drottins. Hann hefur alltaf svar, kannski ekki svarið sem við mundum atla, en rétta svarið,“ segir Eiríkur Magnússon.

Eiríkur segir að margir hafi samband við Omega til þakka fyrir efni stöðvarinnar. Svo virðist sem ýmsir fái sig fullsadda á sápufróðubáttum sem dynja á fólk kvöld eftir kvöld og stilla á Omega til að eignast meiri frið í sálinni.

Allir eru að leita að einhverju

Eiríkur segir að þegar lítið er á mannlífið megi sjá að allir eru að leita að einhverju. Eitthvað vantar úr því að leitin er svo víðtæk. Sjálfur segist hann hafa lokið sinni leit og sú staðreynd færi sér varanlegan frið.

„Ég var síleitandi sem ungur maður. Í háskóla leitaði ég í allskonar speki, var áhugasamur um austurlenska heimspeki, jóga. Það fjaraði út smám saman. Við tók áhugi á stjarnvísindum. Ef þú ferð að skoða það sem við sjáum af alheiminum, þá lýkst upp fyrir þér hvílikt sandkorn jörðin er og hvílikt rykkorn við erum. Óráviddimar og fjarlægðir eru slíkar að þær verða ekki skráðar með venjulegum hætti, þú átt ekki nógu langan pappír. Þegar maður skoðar þessi mál betur verður ljóst að það hlýtur að vera eitthvað að baki slíkrri sköpun,“ segir Eiríkur.

„Það er sama hvert er lítið, allir eru að leita að hamingju. Sumir menn leita eftir peningum, aðrir frægð og völdum, en aðrir leita í áfengi eða eitru. Það er eitthvað sem vantar innra með fólk, því er þessi æðisgengna leit stöðugt í gangi. Það er full vinna hjá mörgum að leita og reyna að uppfylla eitthvað sem þeir eru ekki klárir á hvað er. Það er ekki fyrr en menn taka á móti Jesú Kristi að leitin stöðvast,“ sagði Eiríkur.

–*En hvað breytist þegar menn fara að ganga með Guði?*

„Það er heilmargt sem breytist. Lífsviðhorfið breytist. Það snýst ekki lengur um hvað mér finnst, heldur: Hvað segir Guð í sínu orði? Menn eignast nýtt líf þegar þeir kynna skapara sínum,“ sagði Eiríkur Magnússon að lokum.